

## REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 21/2021, um loðnuveiðar  
færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu 2020/2021.

1. gr.

3. másl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Færeyskum skipum er heimilt að veiða samtals 3.050 tonn af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. janúar 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*